

Kæra vegna Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Samgöngu- og sveitastjórnaráðunráðuneytið

Efni: stjórnarsýslukæra

Með bréfi þessu leggjum við undirritaðir bæjarfulltrúar Álftaneshreyfingarinnar fram kæru, á grundvelli stjórnarsýslulaga, vegna vanhæfis tveggja af þremur nefndarmönnum Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga. Við teljum að umræddir nefndarmenn geti ekki fjallað með hlutlausum hætti um málefni Sveitarfélagsins Álftaness þegar kemur að hugmyndum um að sameina sveitarfélagið öðrum sveitarfélögum. Ef kæra okkar verður samþykkt lítum við svo á að samningur Eftirlitsnefndarinnar og Sveitarfélagsins Álftaness sem staðfestur var í bæjarstjórn þann 29. desember s.l. verði ógiltur og felldur niður og gera þurfi nýjan samning.

Rökstuðningur:

Varðandi vanhæfisástæður nefndarmanna viljum við vísa til stjórnarsýslulaga annars kafla Sérstakt hæfi 3. gr. Vanhæfisástæður. Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls: 6. “Ef að öðru leiti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.”

Eftirlitsnefndin hefur frá því sl. haust komið að fjárhagsmálum Sveitarfélagsins Álftaness og m.a. gert samning við bæjaryfirvöld sem samþykktur var í bæjarstjórn 29. desember sl. en í annari grein samningsins þar sem fjallað er um þær aðgerðir sem sveitarfélagið Álftanes skuldbindur sig til að framkvæma, segir í 7. lið: “Bæjarstjórn hefji þegar viðræður við önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu.”

Formaður nefndarinnar, Ólafur Nílsson endurskoðandi, hefur um árábil verið náinn samstarfsmaður bæjaryfirvalda í Garðabæ og hefur m.a. verið endurskoðandi reikninga bæjarsjóðs. Hann er búsettur í Garðabæ og flokksbundinn sjálfstæðismaður, en flokkur hans er í meirihluta um stjórnun bæjarins og bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa sýnt því áhuga að sveitarfélögin tvö

sameinist. Komið hefur fram að einstakir nefndarmenn, m.a. Ólafur telja það fyrsta kost að kanna sameiningu við Garðabæ.

Fyrir liggur einnig að annar nefndarmaður, Þórður Skúlason fyrrum framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur um árabil talað fyrir og kynnt opinberlega hugmyndir um sameiningu sveitarfélaganna Álftaness og Garðabæjar m.a. í erindi á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga haustið 2002, þrátt fyrir að Álftnesingar hefðu í könnun árið áður hafnað slíkri hugmynd að sameiningu með miklum meirihluta.

Í samræmi við þessa vitneskju teljum við ofangreinda einstaklinga ekki færa um að koma að ákvarðanatöku um sameiningarmál á Álftanesi með hlutlausum hætti.

Eitt fyrsta verk Eftirlitsnefndarinnar var að láta vinna fjárhagsúttekt á bæjarsjóði og höfum við undirrituð gert ítarlegar athugasemdir við skýrsluna sem við teljum að gefi ekki nægilega skýra mynd af stöðu bæjarsjóðs og vísun í því sambandi til meðfygjandi fylgiskjals sem inniber athugasemdir okkar.

Við áteljum nefndina fyrir að taka ekki tillit til athugasemda okkar og teljum að framsetning í skýrslunni hvetji beinlínis til þess að sjálfstætt sveitarfélag á Álftanesi verði lagt af, fremur en að ríkisvaldið beiti sér fyrir leiðréttingu á fjárhagsmálum Álftaness, sem við teljum réttlátari og betri kost.

Álftanesi 14. janúar 2010

Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, bæjarfulltrúi Á-lista, Álftanesi

Sigurður Magnússon, bæjarfulltrúi Á-lista, Álftanesi